



# FÉV2A05 – Félagsleg virkni

Námsáætlun, haustönn 2023

**Kennari/kennarar:**

Guðrún Jóhanna Hallgrímsdóttir

**Netfang/netföng:**

gudrun.hallgrimsdottir@borgo.is

## Lýsing:

Fjallað er um félagslega virkni og þátttöku í samfélaginu út frá fræðilegu sjónarhorni. Komið er inn á helstu hugtök og þjónustuleiðir tengt félagslegum úrræðum, m.a. innan heilbrigðis- og skólakerfisins sem og sveitarfélaga. Kynntir eru helstu frístundamöguleikar og nemendur hvattir til skapandi hugsunar á því sviði. Fjallað er um notendur félags- og heilbrigðisþjónustu og helstu aðferðir til að meta þörf og stuðla að aukinni þátttöku í félags- og frístundastarfi. Áhersla er lögð á að nemendur læri að finna viðeigandi tórstunda-, íþrótt- og frístundastarf með þarfir ólíkra einstaklinga að leiðarljósi. Þeir læra jafnframt mikilvægi þess að sinna gefandi og valdeflandi starfi og að einblína á styrkleika með tilliti til heilsufars, hömlunar, fötlunar og félagslegrar stöðu þátttakenda.

## Þekking, leikni, hæfni:

Nemendur tileinki sér þá kunnáttu að skilja mikilvægi og umfang samskipta, iðju og samfélagsþátttöku á mismunandi æviskeiðum, forvarnastarf frístunda og hvernig þær tengjast lífsstíl einstaklingsins. Þeir hafi vitneskjum um hvernig þátttaka getur farið fram í samfélaginu. Þeir hafi skilning á mikilvægi iðju og áhrifum heilsubreysts, fötlunar, hömlunar og félagslegrar stöðu á notendur félags- og heilbrigðisþjónustu og möguleika þeirra til samfélagsþátttöku.

## Námsmat:

Námsmat er byggt upp af einstaklings- og hópverkefnum, kynningum, heimaprófi, mætingu og þátttöku í umræðum.

- Þátttaka í umræðum og dreifnámslotum gildir **20%**
- Almenn skilaverkefni gilda **20%**
- Félagsleg virkni og þátttaka í samfélaginu í fjölmiðlum gildir **5%**
- Hópverkefni (10%) og kynning (10%) í lotu 2 gildir **20%**
- Lokaverkefni (10%) og kynning (10%) í lotu 3 gildir **20%**
- Heimapróf sem gildir **15%**

## Námsgögn:

Námsgögn birtast á innu undir Efni, ekki þörf á að kaupa námsefni.

## Aðrar mikilvægar upplýsingar:

Skyldumæting í umræðutíma og dreifnámslotur. Mikilvægt að skila verkefnum á réttum tíma. Nauðsynlegt að skila öllum matsatriðum til að standast áfangann.

Vika	Dags.	Námsþættir	Námsmats- þættir
34	21.-25. ágúst	Kennslulota 1 - kynning á áfanga og umræður	
35	28.ágúst -1. sept.	Sjálfsmynd og sjálfstraust	
36	4.-8. sept.	Börn, tengslamyndun og tengslavandi	Skilaverkefni
37	11.-15. sept.	Unglingar og sjálfsmynd	
38	18.-22. sept.	Námserfiðleikar og áhrif þeirra á trú á eigin getu	Skilaverkefni
39	25.-29. sept.	Jákvæð menntun	
40	2.-6. okt.	Unglingar og tómstundir	<i>Heilsudagur Undirb./úrv. Vörðuvika I</i>
41	9.-13. okt.	Kennslulota 2 - kynning og umræður	Skilaverkefni
42	16.-20. okt	Sjálfsstyrking	
43	23.-25. okt.	Haustré, fimmtudag og föstudag	<i>Haustré fimmtud. og föstud.</i>
44	30. okt. - 3. nóv.	Reynslunám – leiðbeinendur í meðferðarúrræðum	Skilaverkefni
45	6.-10. nóv.	Geðrænar áskoranir og félagsþátttaka	<i>Undirb./úrv. Vörðuvika II.</i>
46	13.-17. nóv.	Félagsstarf fyrir fatlað fólk	
47	20.-24. nóv.	Félagsstarf fyrir aldraða	
48	27. nóv. - 1. des.	Kennslulota 3 - kynning og umræður	Skilaverkefni
49	4.-8. des	Heimaspróf	Heimaspróf
50	11.-13. des	Einkunnagjöf	<i>Síðasti kennsludagur</i>

*Tímaáætlun er sett fram með fyrirvara um nauðsynlegar breytingar.*